

Ásgrímssafn verður deild við Listasafn Íslands:

Íslensk myndlist hefur eignast samastað

— sagði Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands er hún opnaði fyrstu sýninguna í Listasafni Íslands

MIKILL mannfjöldi var viðstaddur er Listasafn Íslands var formlega tekið í notkun í nýjum húsnæðinum við Fríkirkjuveg í Reykjavík á laugardaginn. Skömmu fyrir klukkan þrjú tóku gestir að streyma að Listasafninu og mynduðust biðraðir fyrir utan. Er hátíðardagskráin hófst fylltu gestir hvern krók og kima í húsnæðinum safnsins.

Dagskráin hófst með því að formaður byggingarnefndar Listasafns Íslands, Guðmundur G. Þórarinnsson, flutti ávarp. Hann sagði meðal annars að draumurinn um húsnæði fyrir Listasafn Íslands hefði hafist þegar meistari Kjarval hafnaði því að byggt væri sérstakt Kjarvalshús sem vinnustofa og heimili listamannsins, en lagði þess í stað til að stofnaður yrði byggingarsjóður Listasafns Íslands og fénu veitt í hann. Einnig minntist hann annarra gefenda svo sem Ásgríms Jónssonar listmálara, systkinanna Sesselju Stefánsdóttur, Gunnars Stefáns-sonar og Guðríðar Briem, og Sigurliða Kristjánssonar og Helgu konu hans og allra þeirra sem að byggingu hússins stóðu.

Hér er húsið. Komið...

Guðmundur minntist einnig dr. Selmu Jónsdóttur og sagði að þessi bygging yrði í framtíðinni tengd minningu hennar. Hann gat þess að í bókasafni Listasafnsins hefði verið komið fyrir vinnuáðstöðu fyrir fræðimann í minningu Selmu.

Guðmundur þakkaði þeim sem lagt hafa byggingu safnsins lið og nefndi sérstaklega þrjá stjórnmálamenn, þá Vilhjálm Hjálmarsson fyrrverandi menntamálaráðherra, Albert Guðmundsson fyrrverandi fjármálaráðherra og Sverri Hermannsson fyrrverandi menntamálaráðherra.

„Þetta safn sem við nú stöndum í er staðsett við hjarta Reykjavíkurborgar. Við Tjörnina og hina fegurstu skruðgarða þessarar borgar. Í byggingunni sjálfri hefur tekist, eins og þið sjáið vel, að sameina andstæðurnar í því gamla og nýja,“ sagði Guðmundur.

Hann sagðist vona að í húsinu yrði stund milli stríða og tilbreytingarlaus lífsbaráttan og skyndilæti hversdagslífsins hyrfi frá mönnum um stund. Hann minnti á að þetta glæsilega hús væri auðvitað ekki annað en grundvöllur og tæki, en inni í því ætti hjartað að slá og það starf sem þar væri unnið ætti að hvetja listamenn til að skapa, þroskast og leita og halda vakandi vitund þjóðarinnar um gildi listarinnar.

Að lokum sagði Guðmundur: „Því þegar allt kemur til alls er marmarans höll sem moldarhrúga, því musteri guðs eru hjörtun sem trúá. Ég segi því: Hér er húsið listamenn! Komið, vinnið, starfið, leitið, þroskist, skapið. Íslendingar! Hér er húsið. Komið, sjáið, njótið, þroskist, gleðjist.“

Guðmundur afhenti síðan Birgi Ísleifi Gunnarssyni menntamálaráðherra húsið fyrir hönd byggingarnefndar Listasafns Íslands.

Blæs á þá gagnrýni að húsið sé of dýrt

Birgir Ísleifur Gunnarsson menntamálaráðherra ávarpaði því næst samkomugesti. Hann sagði það vera mikinn viðburð í menningarlífi þjóðarinnar þegar Listasafn



Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, ásamt Guðmundi G. Þórarinssyni formanni byggingarnefndar Listasafns Íslands.

Íslands flytti í þetta glæsilega nýja húsnæði við Fríkirkjuveg. Þar miðast allt við að búa listaverkunum umgjörð við hæfi og almenningi umhverfi til að njóta verkanna till fullnustu.

Í ávarpi sínu lýsti hann breyttum viðhorfum manna til myndlistar. Hann vitnaði í endurminningar Ásgríms Jónssonar listmálara þar sem segir meðal annars að maður nokkur í Örfæmum sá hjá honum málverk og hafði orð á því að þetta væru ákaflega skýr kort og miklu greinilegri en hjá dönsku landmælingarmönnum.

„Þetta hús sem við erum að taka í notkun fyrir Listasafn Íslands er fallett hús og glæsilegt,“ sagði menntamálaráðherra. „En eins og með öll hús sem byggð eru af stórhug á Íslandi eru menn farnir að deila um það. Er það of dýrt? Er of mikið í það borið? Hefði það átt að vera hannað á einhvern annan veg? Þetta eru spurningar sem leita

á hugann og menn eru þegar farnir að velja því fyrir sér í fjölmiðlum. Auðvitað eru engin einhlít svör til við slíkum fyrirspurnum. En þegar menn sjá hvernig til hefur tekist geti menn og eigi að vera ánægðir. Hér á að vera menningarmiðstöð Íslendinga.“

Síðan sagði Birgir Ísleifur að um þetta hús og það sem þar fer fram mættu og ættu að standa stormar og aldrei mætti ríkja nein lognmolla. Landsmenn ættu að taka afstöðu með og á móti stefnum og straumum í listum og menningarmálum. Þá ættu ungir listamenn sem ekki fara alfaraleiðir að geta kynnt verk sín til jafns við þá sem eldri eru og viðurkenningar njóta.

„Mér finnst að íslensk myndlist eigi þetta hús sannarlega skilið og ég blæs á þá gagnrýni að þetta hús sé of dýrt. Eins og við sjáum er húsið sjálft listaverk í sjálfu sér. Þetta er listræn umgjörð um okkar dýrmætustu menningarverðmæti á sviði myndlistar. Ég er sannfærður um að þetta nýja húsnæði á eftir að vera vinsæll samkomustaður allra þeirra Íslendinga sem unun



Meðal gesta við opnun listasafnsins var Þorvaldur Garðar Kristjánsson forseti sameinaðs þings, Sigrún Þ. Mathiesen, Ingibjörg Rafnar, Matthías Á. Mathiesen samgögnuráðherra, Þorsteinn Pálsson forsætisráðherra og Ingvar Gíslason fyrrverandi menntamálaráðherra.

hafa af góðri list og vilja sjá og skilja samhengi í myndlistarsögu okkar og vilja skilja vöxt og viðgang íslenskrar myndlistar.“

Menntamálaráðherra skýrði síðan frá því að ákveðið hefuri verið að gera safn Ásgríms Jónssonar listmálara, Ásgrímssafn, að sérstakri deild í Listasafni Íslands, en Ásgrímur Jónsson arfleiddi Listasafn Íslands að öllum verkum sínum árið 1953. Ákveðið hefur verið að málverkasafnið verði áfram að hluta til varðveitt og sýnt í Ásgrímssafni við Bergstaðastræti í Reykjavík ásamt persónulegum munum Ásgríms sem þar eru. Hins vegar verður úrval verka Ásgríms til sýnis í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

Að lokum þakkaði menntamálaráðherra framtak brautryðjenda og velgjörðarmanna Listasafnsins og lét í ljós þá von að safnið beri gæfu til vera lifandi vettvangur íslenskrar myndlistar. Að því loknu afhenti hann Beru Nordal forstöðumanni safnsins húsið til reksturs og umönnunar.

Verður vonandi lyftistöng fyrir íslenskt listalíf

„Þetta er mikill hátíðardagur og mestu tímamót í 104 ára sögu Listasafns Íslands, því þetta hús mun valda straumhvörfum í allri starfsemi og uppbyggingu safnsins,“ sagði Bera Nordal í ávarpi sínu. „Það er von okkar sem að safninu störfum að tilkoma þess muni einnig verða lyftistöng fyrir íslenskt listalíf og glæða áhuga og skilning almennings á myndlist. Með þessu húsi fær íslensk myndlist umgjörð sem við getum verið hreykin af.“

Bera fullyrti fyrir hönd starfsfólks safnsins sem þar hefur unnið undanfarna mánuði að húsið hefði sál og þar ríkti góður andi. Vonaðist hún til að sá góði andi mætti öllum sem þangað kæmu. Sagði hún að þótt vinnuáðstöðu væri enn um margt þröngur stakkur búinn væri þó mest um vert að húsið væri glæsilega búið öllu því helsta sem heyrir til nútímalegs listasafns. Í raun væri þetta fyrsta og eina safn landsins sem uppfyllti ströngustu kröfur um öryggi og að því leyti væri brotið blað í sögu íslenskra safna.

„Listasafn Íslands er stofnað af gjöfum frá listamönnum og æ síðan hafa einstaklingar, listvinir og listamenn sýnt safninu mikinn hlýhug með gjöfum verðmætra listaverka. Lætur nærri að 2/3 listaverka safnsins séu gjafir og væri Listasafnið fátæklegt án þeirra.“

Bera minntist dr. Selmu Jónsdóttur og sagði að hlutur hennar í vexti og viðgangi safnsins yrði seint metinn til fulls. „Þetta glæsilega



Skömmu fyrir klukkan þrjú á laugardaginn fóru gestir við opnun Listasafnsins að streyma að og mynduðust biðraðir fyrir utan dyrnar.



Morgunblaðið/Bjarni Eiríksson

Birgir Ísleifur Gunnarsson menntamálaráðherra afhendir Beru Nordal forstöðumanni Listasafns Íslands húsið til reksturs og umönnunar.

hús er kóróna á ævistarf hennar þó örlögin hafi ráðið því svo að henni entist ekki aldur til að sjá það vígt.“

Íslensk myndlist hefur eignast samastað

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, opnaði fyrstu sýningu Listasafns Íslands í nýju húnaði. Sýningin nefnist Aldarspejill. Íslensk myndlist í eigu safnsins 1900–1987. Í ávarpi sínu sagði hún: „Í listsköpun varðveita þjóðir mættarstólpa í menningararfi sínum. Listamenn færa kynslóðunum ríkulegar gjafir. Kynslóðirnar þiggja, þakka og varðveita. Listgrein er spegill til að horfa á hinn ósýnilega veruleika. Listamenn okkar eru allar stundir spegill samtíðar sinnar og umhverfis. Þeir túlka þann raunveruleika sem við þeim

blasir hverju sinni og stíga þau skref í framþróun listsköpunar sem hverri þjóð er nauðsynleg.

Þrá okkar Íslendinga eftir myndrænni tjáningu birtist þegar í upphafi menningar okkar í lýsingum á kálfskinni þegar forfedur okkar skópu draumnum í orðsins hafti veglega umgjörð. Sá draumur hefur fylgt öllum kynslóðum sem lifað hafa í landinu. Þessi myndræna þrá rættist þó ekki til fulls fyrr en langt var liðið á öldina sem var. Því er talið við hæfi að fyrsta sjálfstæða sýning í nýjum húskynnum Listasafns Íslands er nefnd Aldarspejill.“

Að lokum sagði forsetinn: „Íslensk myndlist hefur eignast samastað. Ég óska okkur Íslendingum til hamingju með þann mikilvæga áfanga og lýsi opna sýninguna Aldarspejill íslenskrar myndlistar í Listasafni Íslands.“



Mikill fjöldi gesta var viðstaddur opnun Listasafnsins.

ÞEGAR EITTHVAÐ STENDUR TIL!

Hvort sem það er árshátíð, þorablót, brúðkaup eða fermingarveisla er nauðsynlegt að hafa líflegt í kringum sig. **Duni** dúkarúllur eru til í mörgum fallegum litum og ávallt í nýjustu tískulitunum. **Duni** dúkarúllur eru 40 m á lengd og 1,25 m á breidd. Þeim má rúlla út á hvaða borðlengd sem er og síðan skærin á. Þægilegra getur það ekki verið.



LÁTTU DUNI KLÆÐA
VEISLUNA MEÐ
LITRÍKUM DÚKUM

Duni

Söluaðilar:

Fennir hf.
Bíldshöfða 14 s. 91-672511
Osta- og smjörseilan st
Bítruháls 2, Reykjavík, s. 91-82511

H. Sigurmundsson hf., heildverslun
Vestmannaeyjum, s. 98-2344/2345
Rekstrarvörur
Rettarháls 2, Reykjavík, s. 91-685554

Hafsteinn Vilhjálmsson
Hlíðarvegi 28, Ísafirði, s. 94-3207
P. Björgúlfsson hf., heildverslun
Hafnarstræti 19, Akureyri, s. 96-24491

M. Snædal, heildverslun
Lagarfelli 4, Egilsstöðum, s. 97-1715.

stair
TÖLVUPRENTARAR